

Forsætisráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**
Sendandi: **Forsætisráðherra**
Dagsetning: **28.09.2012**
Málsnúmer: **FOR12090095**
Bréfalykill: **5.6**

Efni: **Átak við leit, björgun og smölun í kjölfar óveðurs á Norð-Austurlandi**

Samráðshópur ráðuneytisstjóra hefur undanfarið fjallað um tjón af völdum óveðurs á Norð-Austurlandi og stendur nú yfir heildstæð gagna- og upplýsingaöflun á grundvelli minnisblaða sem ríkisstjórnin hefur vísað til hópsins 13. og 21. september sl.

Innanríkisráðuneytinu hefur jafnframt borist minnisblað frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra þar sem gerð er grein fyrir stöðumati deildarinnar í kjölfar óveðursins:

Í minnisblaðinu kemur eftirfarandi fram:

„Lang alvarlegast er fjöldi þess sauðfjár sem enn hefur ekki tekist að ná af fjalli. Skv. þeim upplýsingum sem safnað var um helgina má áætla að enn vanti 5.500 kindur og lömb. Ef svo fer þá má áætla að beint tjón bænda og afurðastöðva verði verulegt. Að auki er tjón sem gæti komið fram að ári liðnu í skerðingu á innkomu vegna þess að rækta þurfi fjárstofn einhverra býla að stóru leiti upp aftur. Bjargráðasjóður mun skv. reglum eingöngu geta bætt hluta af þessu tjóni og þá væntanlega aðeins með auknu framlagi úr ríkissjóði.

Fram hefur komið sú tillaga að ráðast í stórt átak um komandi helgi til að leita, bjarga og smala meira af sauðfé. Slíkt átak getur ekki farið fram nema með talsverðum kostnaði en reikna má með að slíkt kostaði um 8,0 m.kr. Átak sem þetta gæti skilað þeim árangri að kostnaður við bætur myndi minka verulega. Ekki er síður mikilvægt að slíkt átak sendir skýr skilaboð um samstöðu samfélagsins við þá sem eiga um sár að binda eftir hamfarirnar og er um leið hluti af ferli við úrvinnslu áfallsins.”

Með vísan til minnisblaðs ríkislögreglustjóra er hér gerð tillaga um að almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra verði falið, í samvinnu við hlutaðeigandi þ. á m. björgunarsveitir, að skipuleggja átak um komandi helgi við leit, björgun og smölun sauðfjár og að tryggð verði 8. m. kr. fjárveiting til verksins.

Tillaga til ríkisstjórnar:

Lagt er til að almannavarnadeild Ríkislögreglustjóraembættisins verði falið, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila þ. á m. björgunarsveitir, að skipuleggja átak við leit, björgun og smölun sauðfjár í kjölfar óveðursins á Norð-Austurlandi og að veittar verði 8. m. kr. til verksins af óskiptum fjárheimildum ársins 2012.